

220. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MIDVIKUDAGINN 13. ÁGÚST 2014 KL 16:30

SÍMAFUNDUR

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Undirbúningur samráðsfundar um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti
3. Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Fundurinn, sem var símafundur, hófst á Biskupsstofu kl. 16:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson og séra Gunnlaugur Stefánsson. Kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson og Katrín Ásgrímsdóttir tóku þátt í fundinum símleiðis, ásamt vígslubiskupi í Skálholti, séra Kristjáni Val Ingólfssyni.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

2. UNDIRBÚNINGUR SAMRÁÐSFUNDAR UM UPPBYGGINGU FERÐAÞJÓNUSTU Í SKÁLHOLTÍ

Á kirkjuráðsfundi 7. maí var framkvæmdastjóra og Ásbirni Jónssyni, kirkjuráðsmanni, falið að ræða við aðila sem skiluðu tilboðum í leigu á gisti- og veitingarekstri í Skálholti.

Í tengslum við þá vinnu samþykkti kirkjuráð að bjóða hagsmunaaðilum til samráðsfundar í Skálholti á morgun, fimmtudaginn 14. ágúst, til að ræða framtíðaruppbyggingu ferðamannaþjónustu á svæðinu.

Dagskrá samráðsfundarins var samþykkt.

3. ÖNNUR MÁL

a) Ábúð í Skálholti.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu ábúðar í Skálholti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:54.

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari